

S A M Þ Y K K T**um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.****I KAFLI****Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hans til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

- A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
 1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmd skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
 2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
 3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
 4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlunir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kys bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 39. gr.
- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II KAFLI**Fundarsköp bæjarstjórnar.****3. gr.**

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kys bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helming bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn annan hvern þriðjudag kl. 17.00, ef mál eru fyrir hendi. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka eigi síðar en á miðnætti. Þó er heimilt að halda fundi áfram ef $\frac{2}{3}$ bæjarfulltrúa samþykkja. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi í júlí og ágústmánuði. Er fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum, skal hann haldinn einhvern næstu daga svo fljótt, sem við verður komið.

Aukafundi skal halda þá bæjarstjóri eða forseti telja nauðsyn bera til, eða ef minnst fjórir bæjarfulltrúar æskja þess skriflega, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundahalds og boðar til hans með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 12 daginn næstan fyrir fund. Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta fundar. Skal miðað við að dagskráin berist bæjarfulltrúum fyrir kl. 18.00 og eigi síðar en kl. 20.00 daginn fyrir fund.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 7. gr. skal að jafnaði boðað til hans með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa reglulega fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 12 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar og aukafundi svo fljótt, sem við verður komið.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagnuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram tillögu um hvert það mál, sem til umræðu er svo og breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu, eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. En veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, er þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og liða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 3 bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í rétttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæða, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef $\frac{2}{3}$ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hviðvetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér úmæli eða gera stutta athugasemd um fundarskóp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina sérstakri fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

EKKI MÁ lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fram fara úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. EKKI MÁ þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frunvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvivetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er vittur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

III KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefnum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili, svo og nefnda er laun taka.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúa-starfi.

24. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, uns nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Bæjarráð kýs sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði einu sinni í viku. Heimilt er þó að fella niður annan hvorn fund í júlí- og ágústmánuði. Aukafund skal halda, er bæjarstjóri ákveður það, eða bæjarráðsmaður óskar þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skytt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Hafnarfjarðarkaupstaðar, að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

26. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárhagsstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvornig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

27. gr.

Skytt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

IV KAFLI

Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á fundi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt, að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skytt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs skv. 24. gr. og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 2. mgr. 25. gr.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, sammingsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjórn ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarsjóðs og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

V KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kys tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VI KAFLI

Um kosningu nefnda o. fl.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn, auk þeirra, sem áður getur, til þess að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs:

1. Þrjú bæjarfulltrúa og þrjú til vara í bæjarráð.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd og fjóra til vara.
3. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
4. Fjóra menn í hafnarstjórn og fjóra til vara.
5. Tvo menn í stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar svo og tvo endurskoðendur.
6. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
7. Kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.
 - a) Þrjú menn í yfirkjörstjórn og þrjú til vara.
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.
8. Kjörstjórnir við alþingiskosningar.
 - a) Þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjú til vara.
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Hafnarfjarðar og fjóra til vara.
2. Þrjú menn í náttúruverndarnefnd og þrjú til vara.
3. Þrjú menn í gróðurverndarnefnd.
4. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
5. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
6. Fjóra menn í bókasafnsstjórn og fjóra til vara.
7. Fimm menn í heilbrigðisráð og fimm til vara.
8. Tvo menn í stjórn Iðnskóla Hafnarfjarðarumdæmis, og tvo til vara.
9. Tvo menn til að annast forðagæslu.
10. Einn mann til að framkvæma millimat.
11. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
12. Sex menn í áfengisvarnarnefnd.
13. Tólf menn í sjó- og verslunardóm.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtalda nefndir og starfsmenn samkvæmt sérstökum samþykktum.

A. Til eins árs:

1. Fimm menn í útgerðarráð og fimm til vara.
2. Þrjú menn í stjórn Rafveitu Hafnarfjarðar og þrjú til vara.
3. Tvö menn í stjórn Lýsi & Mjöl h.f. og tvo til vara.
4. Þrjú menn í skipulagsnefnd og þrjú til vara.
5. Þrjú menn í gatnanafnanefnd.
6. Þrjú menn í byggðasafnsnefnd.
7. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara.
8. Einn mann í fjallaskilanefnd.
9. Fimm menn í brunamálanefnd og fimm til vara.
10. Þrjú menn í fegrunarnefnd.

B. Til fjögurra ára:

1. Einn bæjarfulltrúa í stjórn Eftirlaunasjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.
2. Þrjú menn í íþróttaráð.
3. Einn markavörð.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

38. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn.

VII KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

39. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og bæjarstofnana og veitir þeim laun eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinn stofnana.

Lausar stöður skal auglýsa til umsóknar nema bæjarstjórn ákveði annað, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bænum svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni, meðan hann rækir stöðuna þannig, að ekki verði að fundið.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

VIÐAUKI

Frá og með næstu bæjarstjórnarkosningum skal bæjarstjórn skipuð 11 bæjarfulltrúum og breytast þá ákvæði 1. gr. til samræmis við það.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38. 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.